

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnamóttakan Hafnarfjörður



Dags eftirlits	28.11.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Efnamóttakan	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Berghellu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6912982729	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Grétar Viðar Grétarsson	ÍSAT nr.	51.57.02
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H Steingrímsson	Staðsetning	363053,302 408634,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik var skráð við eftirlit en athugasemd gerð við skil á mælingarniðurstöðum. Mælingarniðurstöður skulu fylgja grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá

1. Almenn ákvæði starfsleyfis – sbr. kafli 1 í starfsleyfi
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis – sbr. kafli 3 í starfsleyfi
3. Skráningar, skýrslugjöf, skil á gögnum – sbr. kafli 4 í starfsleyfi
4. Önnur mál.
5. Skoðun á starfsseminni

Viðstaddir eftirlitið voru Grétar Viðar Grétarsson og Jón H. Steingrímsson frá Efnamóttökunni og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Starfsleyfið heimilar móttöku, flokkun, pökkun auk annars frágangs og geymslu samtals 7900 tonnum á ári. Úrgangsflokkar eru átta en einn flokkur er ekki enn meðhöndlaður hjá rekstraraðila. Úrvinnsla ókutækja fer ekki fram að Berghellu 1.

Farið var yfir umfang starfseminnar og rúmast hún vel innan þeirra heimilda sem kveðið er á um í starfsleyfi. Þó kom fram í máli fulltrúa rekstraraðila að bókhaldslega fari mikið magn endurvinnsluúrgangs (pappírs) í gegn hjá Efnamóttökunni þó pappírinn komi aldrei við á lóð fyrirtækisins. Senda þarf erindi á Umhverfisstofnun (Umsagna- og starfsleyfisteymi) og fá úr því skorið hvort sækja þarf um breytingu á starfsleyfi Efnamóttökunnar.

Rekstraraðili skilaði inn árlegri skýrslu um magn úrgangs. Hlutleysing (annar frágangur) á sýrum og bösum fer fram í aðstöðu rekstraraðila og er vökvum frá því ferli síðan hleypt út í fráveitukerfi sveitafélagsins. Alls eru það um 52 tonn sem eytt er á þennan hátt. Eiming (annar frágangur) á leysum og öðrum olíuefnum fer ekki fram hjá rekstraraðila. Tæming og pressun (annar frágangur) á raf- og rafeindatækjum fer hins vegar fram. Í viðauka II við reglugerð nr. 1104/2008 kemur fram hvaða íhluti, efni og efnablöndur skal fjarlægja úr raf- og rafeindatækjum sem safnað er sérstaklega.

Fram kom við eftirlit að töluvert af spilliefnum hefur safnast fyrir hjá rekstraraðila vegna erfiðleika við að koma efnunum í förgun innanlands og á meginlandi Evrópu. Enn eru spilliefni geymd á gámasvæði Hafnarbakka í Hringhellu en það magn hefur minnkað mikið að undanfögnu þar sem útflutningsleyfin sem lengi hefur verið beðið eftir hafa nú fengist að stórum hluta.

Brennanlegur úrgangur má ekki fara yfir 300 tonn á athafnasvæðinu við Berghellu 1. Vinnslu sjónvarps- og tölvuskjáa í húsnæði Gámaþjónustunnar hefur verið hætt.

Næst var farið yfir helstu kröfur í starfsleyfi; um áætlanir sem eiga að liggja fyrir, eins tryggingar sem og verklýsingar. Ekki eru gerðar athugasemdir við þetta.

Lagðar voru fram niðurstöður mælinga á efnainnihaldi vatns í söfnunarpró aftan við olíuskilju. Fráveitukerfi frá útisvæðum er raðtengd þannig að allt vatn sem fer í niðurföll á svæðinu fer fyrst í gegnum olíuskilju og síðan í stóra söfnunarpró. Sér söfnunarpró er fyrir innisvæði og er hún tengd við stóru söfnunarpróna. Söfnunarprær eru vaktaðar með reglubundnum hætti og tæmdar að jafnaði 1x í viku. Árlegt sýni sem taka skal aftan við olíuskilju er tekið í söfnunarpró (32 m³) og alltaf á sama hátt af sama aðila. Niðurstöðurnar eru mjög sambærilegar á milli ára og í niðurstöðum mælinga frá 14. júlí sl. voru allar mælingar undir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfinu.

Skýrslur rekstraraðila og önnur skil á gögnum eru í ágætu lagi en athuga má þó að í grein 4.4 er ákvæði um að

niðurstöðim mælinga skuli skila með grænu bókhaldi.

Umhverfismarkmið rekstraraðila liggja fyrir og endurvottun á umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001) var gefin út 11. september 2017. Vottunaraðili gerði eina athugasemd við framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfisins og snéri hún að skráningu og úrvinnslu óhappa og nærri því óhappa. Rekstraraðili hefur bætt úr því.

Gengið var um athafnasvæði og vinnsluhúsnæði Efnamóttökunnar. Spilliefni eru tekin inn vestan vinnsluhúsnæðis Efnamóttökunnar, ekið á lyfturum inn til skráningar og vigtunar og áfram til meðhöndlunar innanhúss eða yfir á svæðið austan skemmunnar þar sem þau eru geymd í flokkuðum röðum þar til vinnst tími til meðhöndlunar og þökkunar. Varast þarf að vatn (rigning/snjór) komist að spilliefnunum. Eftir meðhöndlun og þökkun úrgangsins er honum komið fyrir á útisvæði. Þrengst hefur um á útisvæði rekstraraðila.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni.

ATHUGASEMDIR

Mælinganiðurstöður skulu fylgja grænu bókhaldi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.12.2017



Gottskálk Friðgeirsson